



Fundargerð 26. mars 2018

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalístaflakks Íslands haldinn 26. mars 2018 í Hlutverkasetri, Borgartúni 1. Fundur hófst á boðuðum tíma eða kl. 19:00.

Mætt voru Viðar Þorsteinsson, Jón Bragi Pálsson, Gunnar Smári Egilsson og Laufey Ólafsdóttir. Fundurinn telst ekki nægilega skipaður og ákvarðanir því ekki bindandi.

Sanna Magdalena Mörtudóttir og Margrét Pétursdóttir boðuðu forföll vegna þátttöku í málefnaþópi.

Viðar Þorsteinsson ritaði fundargerð.

Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykkis

Engar athugasemdir voru gerðar við síðustu fundargerð, en ónógur fjöldi var viðstaddur til að samþykkja hana löglega.

2. Sveitarstjórnarkosningar

Viðar gerði grein fyrir stöðunni á Kjörnefnd, en hópur af þeim sem voru slembivaldir eiga að mæta á fund klukkan 20:00 í Hlutverkasetri nú í kvöld. 10 manns þurfa að vera mættir úr 30 manna kjörstjórn til að fundur teljist löglegur, en einungis um 5 hafa boðað komu sína svo um verður að ræða óformlegan kynningarund.

Gunnar Smári lagði fram þá tillögu að smíða og útfæra eins konar skapalón utan um 8. sæti og niður, þar sem aðaláhersla væri á samsetningu hópsins, þ.e.a.s. að hann endurspegli þann þriðjung fólksins í borginni sem aldrei sést (innflytjendur, eldri fátækir, leigjendur, verkafólk).

Rætt var óformlega og almennt um hvernig skipa mætti efstu sætin.

6. Önnur mál

Ekki var um önnur mál að ræða.